

Raforkumálastjóri,
Jarðhitadeild.

SEGULMELINGAR Á NORÐURLANDI

Eftir

Guðmund Guðmundsson og Sven P. Sigurðsson

Svenn Þorsteinsson

Október 1965

Úrvinnsla á löngum segulmælingalínum

Mælingarnar sem hér verður fjallað um hafa flestar verið framkvæmdar þannig að ekið er með prótónumæli í bíl og flaskan bundin á stöng nægilega langt frá bílnum til að áhrif hans séu hverfandi. Sömu úrvinnsluaðferð hefur þó einnig verið beitt við nokkrar mælingar þar sem gengið er eða siglt með tækið.

Það er augljóst að ekki er unt að fá fullkomna mynd af funktion af tveimur óháðum variöblum með því ~~x~~ einu að mæla gildi hennar í einstökum punktum á línu. Skemmtileg vinnubrögð væru að nota línurnar til að kanna svæði með afbrigðileg gildi og kanna þau svo nánar með því að leggja net af mælipunktum. Þetta yrði tímafrekt vegna aliasingar er síðar verður skýrt frá. Hefur það hvergi verið gert nema í Námaskarði. Ímsar myndanir er valda segulsveiflum á Íslandi eru þó þannig að góða mynd má fá af þeim með því að mæla eftir nokkrum samsíða línum þvert á stefnu þeirra. Hefur þetta verið gert sumsstaðar í sambandi við þessar mælingar.

Víðast hefur verið mælt með 50 m millibili. Niðurstöður mælinga eru færðar á línurit er sýna staðsetningu og segulsvið. Oftast hefur ofanvarp vegar á x-ás verið notað fyrir óháðan variabel.

A flestum línum hefur verið reiknað hlaupandi meðalgildi og fært á línuritið. Köllum mæld gildi $F(x)$ og bil milli punkta Δx . Ef lína nær yfir bilið

$$0 \leq x \leq L$$

eru mælingar í

$$x = i\Delta x$$

$$i = 0, 1, 2, \dots, N = L/\Delta x.$$

Gildi í $i\Delta x$ verður kallað $F(i)$, og hlaupandi meðalgildi $F_M(i)$.

$$F_M(i) = \frac{1}{2M+1} \sum_{j=-M}^{i+M} F(j)$$

Hlaupandi meðalgildi er hátfiðnifilter og hlutverk þess að

skýra segulsveiflur er ná yfir stórá svæði.

Til að gera sér grein fyrir áhrifum filters er hægast að hugsa í tíðni. Hlaupandi meðalgildi af $2M + 1$ mælipunktum hefur "power transfer function":

$$P_M = \frac{1}{(2M + 1)^2} \left(\frac{\sin((2M + 1)\Delta x \omega / 2)}{\sin(\Delta x \omega / 2)} \right)^2$$

Lögun P_M fer eftir M . Hún er 1 í $\omega = 0$ og fellur svo og verður 0 í

$$\omega = 2\pi / (2M + 1) \Delta x$$

Eftir það koma svo toppar í grennd við

$$\omega = n\pi / (2M + 1) \Delta x$$

Fyrsti toppurinn er stæstur og er hann nokkru stærri en $(3\pi / 2)^2$. Fara þeir fyrst lækkandi með vaxandi n en hækka síðan aftur. P_M er periodisk funktion af ω og er 1 í

$$\omega = m\pi / \Delta x \quad m = 0, 1, 2, \dots$$

Þrátt fyrir filtrun gætir áhrifa frá hárrí tíðni nokkuð í hlaupandi meðalgildi. Verður það á tvennan hátt.

Filtríð er ekki hreint hátiðnifilter og bætist effekt ~~því~~ með tíðni kringum toppana við $m > 0$ við þá sem fyrir er í toppnum við $m = 0$. Ef ástæða þætti til mætti losna við þessi áhrif með því að nota önnur filter. Fer það eftir lögun segulsveiflna og fjölda og þéttleika mælipunkta að hve miklu leiti þetta er mögulegt eða æskilegt.

Ahrif þéttleika koma inn í fyrirbæri sem nefnt er aliasing. Það má skýra með því að bera saman tvær formúlur fyrir varians linunnar, V_N .

$$V_N = \frac{1}{N+1} \sum_{i=0}^N (F(i) - F_o)^2$$

þar sem

$$F_o = \frac{1}{N+1} \sum_{i=0}^N F(i)$$

og

$$V_N = \frac{4\pi^2}{N+1} \sum_{j=0}^{[(N+1)/2]} c_j^2$$

þar sem

$$c_j = \frac{1}{2\pi} \sum_{l=0}^N F(l) e^{-2\pi jl/N}$$
$$j = 0, 1, 2, \dots, [(N+1)/2]$$

Varians línu er óháður þéttleika punkta. Hæsta tíðni sem c_j verður fundið fyrir er:

$$\omega_0 = \pi / \Delta x$$

Effekt frá tíðni hærri en ω_0 leggst því við raunverulegt effekt í lægri tíðni sem c_j er reiknað fyrir. Engin leið er til að skilja þetta að. Ef mælingar eru svo þéttar að augljóst sé hvernig eigi að interpolera milli mælipunkta er aliasing hverfandi. Ahrif filtra á aliasingu eru skyrð í Blackman Tuckey, The Measurements of Power Spectra, Dover 1958.

Við framkvæmd mælinga ~~gef~~^{haft}ur þetta þær afleiðingar að mæla verður nægilega þétt til að fá sәmilega mynd af sveiflum með hærri tíðni en þær sem tilgangurinn er að kanna.

PROGRAM TIL AÐ INVERTERA OG REIKNA HLAUPANDI MEÐALGILDI

Verkefni programs

Lesin eru inn gildi sem mælzt hafa á prötónumæli á einni eða fleiri mælilínum.

Hverju gildi er inverterað með því að deila því á ákveðinn konstant S (sbr. leiðarvísni með prötónumæli) þannig að út komi viðkomandi gildi mælt í γ . Ef mælt er í $1/2$ sek er $S = 2.40511 \cdot 10^9$. Reiknað er meðalgildi hverrar mælingarlínu (í γ). Reiknuð eru hlaupandi meðalgildi á hverri línu þ.e.

$$z(j) = \frac{1}{2M+1} \sum_{i=-M}^{j+M} x(i)$$

fyrir $j = M + 1, M + 1 + L, \dots, M + 1 + 2L, \dots, N - M$

þar sem $x(i)$ er upprunalegt mæligildi (í γ)

Innlestur

Að fyrsta spjald gatist S í dálka 1 - 10 skv. form. E 10.6.
Að annað spjald gatist í dálka 1 - 3 fjöldi mælipunkta á fyrstu mælingarlínu, N, skv. form. I 3, í dálka 4 - 5 gatist M og í dálka 6 - 7 L bæði skv. form. I 2.

Ath. Fylli gildin á spjaldinu ekki út hin útteknu dálka-svið verða þau að gatast í aftasta (aftari) dálka sviðsins.
Að næstu spjöld gatist gildi lesin af prötónumæli á fyrstu mælilínu skv. form. 14 F 5.0 þ.e. fyrsta gildið á hverju spjaldi gatist í dálka 1 - 5, annað í dálka 6 - 10 hið síðasta í dálka 66 - 70.

Ath. 1. Mælipunktar á hverri línu verða að vera $\angle 1000$.

Ath. 2. Fjöldi mælipunkta verður að vera $2M + l + P \cdot L$ þar sem P er heil tala eða 0 til þess að hlaupandi meðalgildin standi rétt af sér.

Næst gatist samsvarandi spjöld fyrir aðra mælilínu (þó er S ekki gatað aftur) og svo framvegis. Í lokin komi autt spjald.

Útlestur

Niðurstöður koma út á spjöldum (mikið útlestursmagn, til-tölulega seinleg prentun hjá IBM 1620 og hár leigukostnaður veldur því, að hagkvæmast verður að telja að taka út niðurstöður á spjöldum og láta síðan prenta út af spjöldunum t.d. hjá Ottó Michelsen).

Að fyrsta spjaldi í dálka 1 - 3 kemur fjöldi mælipunkta í fyrstu mælilínu og í dálka H - 10 meðalgildi á línum.

Að næstu spjöldum koma inverteruðu gildin fyrir hvern mælip. á fyrstu línu skv. form. 10 F 7.0. Næst koma 2 auð spjöld.

Að næstu spjöldum koma hlaupandi meðalgildin fyrir fyrstu línu skv. form 10 F. 70.

Næst koma 2 auð spjöld.

Síðan koma samsvarandi spjöld fyrir aðra mælilínu og svo framvegis.

SEGULMÆLINGAR I SKAGAFIRÐI

Sumarið 1964 voru mældar þrjár segullínur þvert yfir Skagafjörð, ein á sjó frá Ásnefi að Bæjarkletti (Lína I), önnur fyrir botni fjarðarins frá Sauðárkrúki að vegamótmum við Hegranes-Blönduhlíð (Lína II) og sú þriðja yfir Vallhólminn frá Djúpadal að Varmahlíð (Lína III).

Tilhögun mælingar á Línu I var sú, að stímt var með jöfnum hraða þvert yfir fjörðinn og lesið á takið á 30 sek. fresti. Frá heildarvegalengd og hraða var meðalfjarlægð milli aflestrarpunkta fundin. Mestu sveiflur komu fram nálægt landi vestan megin, rúmlega 1000 gamma. Engar höfðu reglulega lögún, sem gæti mynnt á stall eða gang. Gildin voru filtreruð þannig, að meðalgildi 10 punkta voru alltaf tekin, en hver punktur kom fram tvísvar: (fyrst punktar 1 - 10, þá 6-15; 11-20; 16-25 o.s.frv.). Við filtreringu dökum hinum kröppustu sveiflur nálægt landi vestan megin nærrí út. Styrkleiki sviðsins (gildið) er oftast milli 51500 og 52000 gamma.

Af dýptarkorti af Skagafirði sést, að á sjávarbotni líkist landslag döllum og hryggjum, sem liggja samsíða landi báðum megin fjarðarins. Dalirnir, þar sem línan var mæld, eru rúmlega 100 metra djúpir. Tveir megin hryggir verða á línumuni, annar suður af Drangey, en hinn nokkru austar. Ekki gefa þeir neina sjáanlega sveiflu og vera má, að þeir séu af sama myndunarskeiði og Drangey og samsettir af móbergi. Ekki kemur heldur fram nein sveifla nær landi, þegar grynnkar (sjá þverskurð af botni á línumuni).

Lína II var mæld fyrir botni fjarðarins úr bíi (R 13621) eftir vegi. Flaskan var hengd á bambusstöng aftur úr bílnum um fjóra metra og gætti áhrifa hans ekki svo neinu næmi. A þessari línu var mest áberandi sveifla 1,4 km út eftir x-ás og hve líttill örði var á sviðinu eftir endilöngum fjörukambinum að Hegranesi. Yfir Hegranesi var mikill örði, en austan þess líttill, samt greinilega meiri en á fjörukambinum. Að austan liggar vegurinn um myrar og flár um þrá km frá sjó. Getur verið að austan megin sé minni framburður, a.m.k. 3 km frá sjó heldur en niður við sjó að vestan. Nú fellur meira vatn í vestari Héraðsvatnsgkvíslinni (S. Rist) og berst því meiri framburður þangað í dag.

Gildin voru filtreruð á sama hátt og á Línu I og kom þá fram negatív sveifla í Hegranesi um 2000 gamma og nær yfir um 2 km frá vestri til austurs. Lögunin bendir ein-dregið til, að massi af ósegulmögnuðu eða negatívu bergi valdi sveiflunni og ekki sé um stall að ræða. Yfirborð massans er varla dýpra en 150 metrar og gæti verið mun grynnra eða jafnvel náð alveg upp á yfirborð. Þykkt hans er a.m.k. nokkur hundruð metrar. Á Hegranesinu virðist sviðið einnig hækka svo ætla má, að bergið hafi rétta segulstefnu.

Reynt var að rekja sveifluna sem kom fram vestarlega á fjörukambinum til suðurs og var mæld önnur lína samsíða hinni fyrri um einn km sunnar. Ekkert kom frá á henni.

Lína III var mæld gangandi eftir vegi, sem er nokkuð hlykkjóttur. Kemur greinilega fram, að sveiflur eru meiri austur-vestur en norður-suður. Örði er miklu meiri á Dalsáreyrum, frá Héraðsvatnsbrú að Djúpadal en í Vallhólmi. Stærri sveiflur á línumni eru talsverðar og hafa þær fallega lögun eftir að gildin hafa verið filtreruð, hvort sem er á Dalsáreyrum eða í Vallhólmi.

Erfitt er að segja, hve ósléttur botn dalsins og fjarðarins er undir framburði Héraðsvatna. Sjálfsgagt er hvorutveggja að einhverju leiti a.m.k. tektónískt. En skriðjökull hefur mótað botninn, skafið hann sem sjá má af nokkrum hlíðardölum, en mynni þeirra stendur hærra en megin dalurinn, þrátt fyrir örðan framburð Héraðsvatns. Skiptir miklu málí að vita um dýpt niður á fast berg og megin málí að vita, hvort segulsveiflur stafi af ósléttu yfirborði hins fasta bergs, misgengi jarðлага eða öðru. Eins og sjá má af Hegranesi sjálfu, Sjávarborg rétt við Áshildarholtsvatn og fleiri stöðum, þar sem fast berg gægist upp úr flótum dalnum, þá er yfirborð hins fasta bergs ekki slétt undir setinu.


3.II:65 J.S.A./O.M.
Tnr. 93 Tnr. 10
J-Segulm. J-Skagafj.
Fnr. 7191

RAFORKUMÁLASTJÓRI
Jarhitadeild


Segulmælingar á sjó yfir
þveran Skagafjörð

Imm-50x Imm-20metrar
Mælt 10.8.65 af G.B.


Blað I



Frh.



Frh.



N


V A
S

2.II.'65 J.S.A./O.M.
Tnr. 94 Tnr. II
J-Segulm. J-Skagafj.
Fnr. 7192

RAFORKUMÁLASTJÓRI
Jarðhitadeild




Segulmælingar þvert yfir
Skagafjörð

Mælikvarði 1:50.000



Mælt 17.8.'64 af G.G. G.B.
A.J. og J.S.A.

Blað Ia



25.10.65 J.S.A./O.M.

Tnr. 95 Tnr. 12

J-Segulm. J-Skagaf.



Fnr. 7193

RAFORKUMÁLASTJÓRI
JarðhitadeildSegulmælingar Þvert fyrir
botni Skagafjarðar (eftir veki)

Blað 2

1 mm = 50x 1 mm = 20 metrum

Mælt 10.8.64 af A.J. og J.S.A.



I mm - 50 x I mm - 20 metrar


Mælt 14.8.64 af A.S. og J.S.A.

Blað 3

RAFORKUMÁLASTJÓRI
Jarðhitadeild

Segulmælingar þvert fyrir
botni Skagafjarðar

3.II.'65 J.S.A./O.M.
Tnr. 96 Tnr. 13
J-Segulm. J-Skagafj.
Fnr. 7194



H E G R A N E S

V e g a m ó t

25.10.65 J.S.A./O.M


Tnr. 97 Tnr. 14

J-Segulm. J-Skagaf.

Fnr. 7195

RAFORKUMÁLASTJÓRI
JarðhitadeildSegulmælingar Þvert yfir
Skagafjörð eftir veki frá Varmahlið

Blað 4

Mælt úr bil R.13621
af G.G. og J.S.A.

27.10.65 J.S.A / O.M

Tnr. 98 Tnr. 15

RAFORKUMÁLASTJÓRI

Jarðhitadeild

Segulmælingar Þvert yfir


Skagafjörð eftir veki frá Varmahlið að Djúpadal J-Segulm. J-Skagaf.


Fnr. 7196

Mælikvarði 1:20.000

Mælt 30.12.64 af G.G. A.L. og J.S.A

Blað 4





LJÓSAVATNSSKARD

Mælingar

Sumarið 1964 var segulmælt með protónumæli eftir þjóðvegi frá vegamótum skammt vestan við Háls í Ljósavatnsskarði að Einarsstöðum. Var mælt með 50 m millibili og eru niðurstöður og staðsetning mælinga sýnd á teikningum Fnr. 7169 - 7173. Þar er einnig sýnt hlaupandi meðalgildi 9 mælinga, reiknað í fjórða hverjum punkti.

Í skarðinu eru margar krappar sveiflur, 1 - 2000 gamma og breidd á hálfum toppi innan við 0.5 km. Þar sem gradient hlaupandi meðalgildis er af stærðargráðu 5 - 10 gamma/m hljóta að vera skörp, ~~xxix~~ nokkurnveginn lóðrétt skil í segulmögnum og verður slík breyting þá jafnoft og ~~xxxxxx~~ formerki gradients breytist. Tólf svona skil eru í skarðinu.

Mældar voru nokkrar línur u.p.b. samhliða veki móts við sveiflurneck, 4 - 5 km frá upphafspunkti. Mátti rekja þær í línu u.p.b. NS. Á sama stað voru gerðar 20 þyngdarmælingar með 100 m millibili eftir veginum. Þyngdarsviðið var mjög kyrrt.

ÚRVINNSLA

Ef tiltölulega skammt er milli tveggja skila samanborið við fjarlægð í þau næstu báðum megin við, verður sviðið þar eins og af gangi. Séu einhver skil langt frá öðrum kemur fram stallur. Hefur verið reynt að nota þetta hvorttveggja til að finna dýpi að segulmögnum bergi og hve langt niður skilin ná.

Við eftirfarandi útreikninga verður segilsvið kallað $F(x)$. Fourierintegral af sviði módeli verður kallað $f(\omega)$ og reiknað eftir mældum gildum $g(\omega)$, sbr. skyrsluna Úrvinnsla tværvíðra segulsveiflna með Fourier aðferð eftir G.G. og S.P.S.

Niðurstöður frá samsíða línum

Á vesturhluta línnanna sem mældar voru samsíða er hámarks-gildi. Hækkar sviðið nokkuð reglulega vestan þess, snarfellur svo og tekur óreglulega lögun en gildi þó öll mjög lág nokkur hundruð metra. Þarna er eðlilegt að reikna með stalli. Einkum

kemur stalllögunin vel fram á vestari hluta syðstu línu. Þar er greinilega mælt rétt ofan á efri brún stallsins.

Fourieranalysa var gerð á öllum línum ^{sbr. Töflur 1-4.} Ef stallur er löðréttur og dýpi á efri og neðri brún hans h_1 og h_2 fæst:

$$|f(\omega)| = C \frac{1}{\omega} e^{-\omega h_1} \left| 1 - e^{-\omega(h_2 - h_1)} \right|$$

Þar sem stefna stallsins er NS ætti aðeins að gæta löðréttssþáttar segulmögnunar sem verður kallaður I. Sviðið verður þá:

$$F(x) = 2I \left(\tan^{-1} \frac{h_2}{x} - \tan^{-1} \frac{h_1}{x} \right)$$

Parna er reiknað með löðréttu segulsviði og upphafi x-áss yfir stallbrún. Þá verður C í Fourierintegralinu = I. F(x) hefur hæsta og lægsta gildi í

$$x = \pm H_1 h_2$$

og hæsta gradient í

$$x = 0.$$

Þrjú fyrstu gildi $|g(\omega)|$ á línu III gefa:

$$h_1 = -0.5 \text{ skref}; \quad h_2 - h_1 = 170 \text{ skr.} \quad I = 1000 \text{ gamma.}$$

Frá hinum línum er aðeins hægt að nota tvö gildi af $|g(\omega)|$. Ef reiknað er með $h_2 - h_1 = 170$ skr. fæst frá línu I:

$$h_1 = 43 \text{ skr.} \quad I = 710 \text{ gamma}$$

frá vegi:

$$h_1 = 37 \text{ m} \quad I = 810 \text{ gamma}$$

og frá línu II:

$$h_1 = 49 \text{ skr.} \quad I = 1280 \text{ gamma.}$$

Ef reiknað er með $I = 1000$ gamma fæst frá línu I:

$$h_1 = 53 \text{ skr.} \quad h_2 - h_1 = 97 \text{ skr.}$$

frá vegi

$$h_1 = 45 \text{ m} \quad h_2 - h_1 = 123 \text{ m}$$

og frá línu II

$$h_1 = 39 \text{ skr.} \quad h_2 - h_1 = 276 \text{ skr.}$$

Þessum gildum ber polanlega saman við regluna um fjarlægð stallbrúnar og hámarks, sem virðist vera tæpir 100 m á línum I og II og vegi. Hæð stallsins hefur lítil áhrif á lögun $|g(\omega)|$ og því eðlilegt að dreifing sé meiri við mat á þeirri stærð en I eða h_1 .

Segulsveifla við Stóru Tjarnir

Einna reglulegasta segulsveiflan er móts við Stóru Tjarnir um 7.5 km frá upphafspunkti. Var gerð Fourieranalysa á henni og eru niðurstöður í töflu 5. Við úrvinnslu var notuð formúla fyrir ósendanlega djúpan gang

$$|f(\omega)| = |C e^{-\omega h_1} \frac{\sin \omega b}{\omega}|$$

þar sem h_1 er dýpi að yfirborði gangs, $2b$ breidd hans og C konstant. Aðeins er hægt að nota 3 fyrstu gildi á $|g(\omega)|$ og fást því tvær lausnir eftir því hyort gert er ráð fyrir að ωb sé stærra eða minna en π . Þær eru:

$$h_1 = 62 \text{ m} \quad 2b = 272 \text{ m}$$

$$h_1 = 113 \text{ m} \quad 2b = 200 \text{ m}$$

Sömu stærðir voru einnig fundnar með aðferð Bruckshaws, Geoph. Prosp. Dec. 1963, pp 509 - 522. Þá fékkst:

$$h_1 = 72 \text{ m} \quad 2b = 260 \text{ m}$$

Þessu ber vel saman við fyrri lausn frá $|g(\omega)|$.

Styrkleika segulmögnunar, I, má finna ef stefna hennar og halli gangs eru þekkt. Ef hvorttveggja er löðrétt fáast:

$$I = 500 \text{ gamma}$$

Úrvinnsla af þessu tæi, að bera einstakar sveiflur saman við teoretiskar funktionir, truflast ef þær eru svo þétt að þær raski lögun hver annarar. Í Fourieranalysunni hér að framan kemur þetta fram í því að notast verður við svo stutta línu að aðeins fást þrjú gildi á $|g(\omega)|$ svo að lausn verður tvíræð.

Aðalskekkjan í Bruckshaws aðferð af þessum sökum er af því

að mikil óvissa er við mat á normalsviði.

að mikil óvissa er við mat á normalsviði. Hún veldur einnig skekkju við mat á I.

Endanlegt dýpi að neðra borði gangs, h_2 hefur meiri áhrif á útreikning á I en h_1 og b. þegar lína er stutt. Sést þetta bezt á Fourierintegralinu sem verður:

$$|g(\omega)| = \left| C e^{-\omega h_1} \left(1 - e^{-\omega(h_2 - h_1)} \right) \frac{\sin \omega b}{\omega} \right|$$

Endanlegs gildis á h_2 gætir mest í lágrí tíðni. Með 750 m langri línu eins og hér var notuð, myndi $h_2 = 350$ m valda 10 % skekkju í hæsta gildi af $|g(\omega)|$. Ef reiknað væri með þessu dýpi við að finna I fengist 700 gamma eða 40 % aukning.

Orsakir segulsveiflanna

Þessar athuganir sýna nokkuð vel segulmögnum í bergi undir Ljósavatnsskarði. Styrkleiki segulmögnum sem hér hefur verið reiknaður er mismunur segulmögnum sitt hvorum megin við skilin er valda segulsviðsbreytingunni. Mælingar á segulmögnum í íslenzku basalti sýna mjög mismunandi gildi. Meðalgildi termo-remanentrar segulmögnum hefur verið talið um 600 gamma (J. Hospers, Proceedings Kon.Nederl.Ak. Ser.135, 6, 5, 1953 pp 467 - 491 og 57, 1, 1954 pp 112 - 121 og Þorbjörn Sigurgerisson Adv. in Phys. 6,22,pp232-246). Mælingar Eðlisfræðistofnunar Háskólags 1964 benda til að induceruð segulmögnum sé svipuð eða meiri. Þetta hefur það í för með sér að ekki er hægt að skilja basalt með öfuga segulstefnu frá ósegulmögnum bergi með mælingum á sviðstyrkleika. ~~Xxkk~~

Veikt eða ósegulmagnað berg á Íslandi, móberg, líparít og set ýmiskonar, er allt mun lettara en tertiert basalt. Eðlisþyngd getur verið nokkuð breytileg, en yfirleitt ætti að meða reikna með að muni um 0.5 g/cm^3 .

Vestan við stallinn sem hér hefur verið ræddur hlýtur að vera basalt með réttri segulmögnum. Mikil ónákvæmni er í mati á hæð stallsins en ætti varla að muna faktor tveimur ef reiknað er með $h_2 - h_1 = 150$ m. Þarna ætti að koma fram þyngdarsviðsmunur um 3 mgal ef mórena eða ósegulmagnað berg liggur austan

að stallinum. Þessa sjást engin merki á þyngdarmælingunum. Aðstaða til þeirra er það góð að stallurinn kæmi fram jafnvel þótt hann væri aðeins 1 mgal. Þar eðstaðsetning hans er nákvæmlega bekkt. Það má því draga þá ályktun að parna séu mörk basalts með rétta og öfuga segulstefnu.

Þyngdarmælingarnar ná yfir ein skipti á formerki gradients segulsviðs austan við þau er setja má í samband við stallinn og kemur ekkert fram þar heldur. Schleusener gerði 5 ~~xx~~ pyngdar-mælingar í skarðinu og munar 3 mgal. á ~~xxxxx~~ hæsta og lægsta gildi. (Spalten auf Island, Stuttgart 1943). Þessar mælingar eru of gisnar til að þær verði bormar saman við segulmælingarnar. Full ástæða er til að mæla miklu þéttar eftir öllu skarðinu og austur fyrir það.

Mestur hluti ~~te~~^{te}biera basaltsins er lárétt eða lítt hallandi hraunlög og fylgja mörk rétt og öfugt segulmagnaðs bergs þeim lagamótum. Við misgengi gæti þetta raskast þannig að lðorétt mörk mynduðust. Á þessum slóðum er mikið um misgengi skv. upplýsingum Jóns Jónssonar og Sigurðar Þórarinssonar. Tvær stefnur eru ríkjandi, N-S og VNV-ASA. Fylgja segulsveiflurnar þeirri fyrri og Ljósavatnsskarð hinni síðari. Ljósavatnsskarð kvað vera myndað við misgengi. Það liggar þvert við stefnu skriðjökla og fast berg er svo lágt yfir sjávarborði að rof hefði átt erfitt með að koma því svo lágt. Bendir það til að sig hafi orðið í skarðinu.

Gangar geta valdið löðréttum mótm rétts og öfugs bergs. Þeir eru yngri en aðliggjandi lög og geta því haft aðra segulstefnu. Kæling á bráðnu magma í gangi hitar bergið í kring upp fyrir Curie-punkt svo að það fær sömu segulstefnu og gangurinn. Það fer eftir hitastigi bergsins hvað þessi áhrif nái langt, en það er af svipaðri stærðargráðu og breidd gangsins. Æg hef mælt þetta á premur göngum við Esju og Eyrarfjall og nái mörkin 20 - 40 % af gangbreidd til hvorrar hliðar. Ef gos eða rennsli er í gangi þannig að þar sé haldið stöðugum bræðsluhita í langan tíma aukast þessi áhrif mjög. Sé Curie-punktur mitt á milli hita bergs og magma myndu áhrifin nái um 5m til hvorrar hliðar við eins árs gos. Reynsla af gangaleit við jarðhita-rannsóknir bendir til að gangar á svipuðum slóðum er stefna

eins hafi sömu segulstefnu.

Erfitt er að gera upp á milli þessara skýringa út frá þeim mælingum sem hér hefur verið lýst. Virðist eðlilegast að búa með það þar til meiri upplýsingar hafa fengist með mælingum og jarðfræðiathugunum þarna eða á öðrum slóðum sambærilegum.

Ahrif fjalla á segulsvið

Til að fá sambærileg gildi á segulsviði í Ljósavatnsskarði og austan þess þarf að dæga segulsvið fjallanna frá mældum gildum. Við útreikning þessarra áhrifa voru ákveðin mörk úr löðréttum og láréttum línum er fylgdu útlínum fjallanna. Til að auðvelda reikninga var gert ráð fyrir ~~xx~~ löðrétttri segulmögnun. Inclination er þarna tæpar 80° og það dregur einnig úr skekkjunni að fjöll eru á móta há básum megin við skarðið.

Ahrif fjallanna má má reikna eftir formúlunni:

$$\Delta F = \sum_i 2I \varphi_i$$

φ_i er horn sem löðrétt strik sést undir frá mælipunkti, sbr. lárétt svið frá löðréttum gangi með lárétt segulmögnun, Heiland s.396.

Mesta óvissa í þessum reikningum er við að meta I. Engin rannsókn hefur verið gerð á stefnu termo-remanentrar segulmögnunar í fjöllum við Ljósavatnsskarð. Er því eðlilegast að gera ráð fyrir að jafnmikið sé af réttu og öfugum bergi og ~~xx~~ ~~xx~~ sleppa þessum þætti segulmögnunarinnar. Þorbjörn Sigurgeirsson hefur fengið okkur niðurstöður úr fjölda mælinga á induceruðu segulmagni í basalti. Er meðal susceptibilitet $1.7 \cdot 10^{-2}$. Með því að setja segulsvið í fjöllunum 52000 gamma fæst:

$$I = - 900 \text{ gamma.}$$

Hefur ΔF verið reiknað með þessari segulmögnun og dregið frá hlaupandi meðalgildi. Niðurstöður eru sýndar á teikningunni.

Önnur aðferð til að finna I er að bera saman svið í skarðinu við það sem telja mætti eðlilegt ótruflað svið á þessu svæði. Af samanburði við mælingar í Skagafirði, eystri hluta Pessarar línu, Axarfirði og vegi milli Reykjahlíðar og Grímsstaða er þetta


svið tæp 52000 gamma. Meðalsvið frá Hálsi að Kinnavegi er 50600 gamma og meðaltal $2\varphi_i$ á sömu vegalengd er 1.46. Gefur þetta sömu segulmögnun og reiknað var með samkvæmt mælingum Eðlisfræðistofnunarinnar.

Bárðardalssig

Bárðardalssig Þótti að liggja um skarðið austanvert. Segulsviðs frá nokkurhundruð metra háum stalli á þeim slóðum Þótti að gæta bæði í skarðinu og austan þess.

Pegar ΔF hefur verið dregið frá hlaupandi meðalgildi verða gildi meðfram Ljósavatni um 3000 gamma hærri en á lágmáarki við Kinnaveg. Af útliti línumuritsins er ljóst að þessi munur getur ekki stafað af einum þverstalli, heldur hlýtur breytingin að verða á alllangri línu milli hámarks og lágmarks. Ef um misgengi er að ræða væri eðlilegast að það væri samansett af nokkrum samhliða sprungum og hefði eystri brún sigið miðað við þá vestari.

Reynt hefur verið að bera sviðið saman við módel sem sýnt er á teikningunni.



Ef gert er ráð fyrir lööréttu sviði og segulmögnum ef sviðið (Heiland s. 397):

$$F(x) = \sin \left(\frac{h_1}{e} \right) - \frac{h_1}{e} \frac{1}{1 - e^{-2ia}} - \frac{(h_2 - h_1)}{e}$$

~~Skv. Úrvinnslu tvívíðra segulmæslings, G.G. og S.P.S. fæst:~~

$$f(\) = I \sin \left(\frac{h_1}{e} \right)$$

$$F(x) = \sin\alpha 2I (-\sin\alpha (\varphi_2 - \varphi_1) + \cos\alpha \log r_2/r_1)$$

Fourierintegralið gefur:

$$|f(\omega)| = \left| I \sin\alpha e^{-\omega h_1} \frac{1}{\omega} (1 - e^{-\omega(h_2 - h_1)}) e^{2ia\omega} \right|$$

Sjá Úrvinnslu tvívíðra segulmælinga, G.G. og S.P.S. Reiknað var $|g(\omega)|$ og eru niðurstöður í töflu 6. Í hárri tíðni er $|g(\omega)|$ miklu hærra en eðlilegt væri ef það stafaði af segulsviði eins lútandi stalls. Augljóst framlag til $|g(\omega)|$ í þessari tíðni eru segulsveiflur þær í skarðinu er áður er getið. Athugun á teoretiskum kúrfum frá stöllum sýnir að útlit þeirra myndi sáralítið breytast þótt hátfónifilter væri beitt sitt hvorum megin við hámarks og lágmakrsgildi. Var þetta gert og notað:

~~$$F(i) = \sum_{j=-3}^3 a_j F_4(i + 4j)$$~~

$$a_{\pm 3} = 1/16 \quad a_{\pm 2} = 2/16 \quad a_{\pm 1} = 3/16 \quad a_0 = 4/16$$

$F_4(i)$ er hlaupandi meðalgildi 9 mælinga, sbr. Úrvinnsla á löngum segulmælingalínnum, G.G.

Tvö fyrstu gildi á $|g(\omega)|$ eru nokkurn veginn óbreytt, það þriðja hærra og hin flest lægri en þegar $F_4(i)$ var notað. Fjarri fer þó enn að $|g(\omega)|$ falli inn í módelið.

Engin leið er að nota $F(x)$ til að reikna hæð stallsins. h_1 hlýtur að vera mjög lágt miðað við h_2 og lítil skekkja á því gerbreytir log r_2/r_1 yfir efri stallbrún. Þetta kæmi aðallega fram í hárri tíðni í $|g(\omega)|$.

Reiknað var út úr þremur fyrstu gildum á $|g(\omega)|$ fyrir tvö gildi á h_1 . Niðurstöður urðu:

$$h_1 = 0 \quad h_2 - h_1 = 340 \text{m} \quad 2a = 3.65 \text{ km} \quad I = 2600 \text{ gamma}$$

$$h_1 = 50 \text{ m} \quad h_2 - h_1 = 220 \text{ m} \quad 2a = 3.62 \text{ km} \quad I = 4300 \text{ gamma}$$

Ef $F(x)$ er reiknað út eftir þessu módeli kemur í ljós að $2a$ er upþ.b. fjarlægð milli hæsta og lægsta gildis $F(x)$. Nokkuð er ljóst hvar lægsta gildi er á þessum mælingum, en við hámarkið eru miklar sveiflur á gildunum og verra ~~xx~~ samræmi við módelið. Þó virðist eðlilegra að hafa þessa fjarlægð

um 1 km styttri. Gildin á I eru allt of há. Litlar breytingar á $|g(\omega)|$ myndu breyta þessum gildum verulega. Einnig má benda á hve stærðin I sin \propto er næm fyrir litlum breytingum á $h_2 - h_1$.

Niðurstöður þessara reikninga verða þær að í austurenda Ljósavatnsskarðs komi fram um 3000 gamma segulsveifla. Til að búa hana til þyrfti nokkurhundruð metra há misgengi í basaltið á 2 - 3 km vegalengd vestan Kinnavegar.

Jarðfræði Bárðardalssigs var könnuð af Walter Iwan og er lýst í grein hans Die Barðartalverwerfung in Nordisland, Z.d.Ges.f.Erdkunde zu Berlin, Dez. 1938 s 350-362. Fann hann grágrýtis og mórenulög ofan á fjöllum austan dalsins og samskonar myndanir ~~xxxxxx~~ miklu neðar austan þeirra, við Kinnarfell 500 m. Ekki verður séð að hann hafi borið saman einstök lög og sýnt beinlinnis fram á að þarna séu sömu lög á ferðinni, en sennilega yrði vandkvæðum bundið að skyra tilveru þeirra á annan hátt.

Jarðfræði og segulmælingum viðist hér bera saman. Veiga-mikil jarðeðlisfræðileg rök eru gegn þeirri ályktun að þarna séu brattir misgengisstallar er valdi segulsveiflu og er rétt að geta þeirra að nokkru.

Tilvera sviðsbreytingarinnar byggist að verulegu leiti á áætluðum segulsviði fjallanna. Matið á induceruðu segulmögnuninni er talsvert ótryggt þó að samanburður við aðrar vega-mælingar á Norðurlandi hafi styrkt það mjög. Termo-remanent segulmögnun í fjöllunum gæti haft talsverð áhrif á sviðið jafnvel þótt jafn mikil væri af réttu og öfugu, því að langmest munar um bergið sem næst er veginum. Einkum á þetta við um kaflann meðfram Ljósavatni þar sem ekið er alveg utan í hlíf- inni. Þessi áhrif mætti kanna betur með því að rannsaka segul-mögnun í fjöllunum og mæla aðra línu fyrir sunnan Ljósavatn.

Enginn stallur fannst þarna við jarðsveiflumælingar, heldur virðist dýpi að tertiera basaltinu vera að smáaukast frá Fnjóskadal vestur að Mývatni. Sprengt var ~~a~~ báðum endum línumnar og er erfitt að komast hjá því að draga þá ályktun að þarna sé enginn stallur á mótaum tertiers basalts og yngri myndana. Þetta er í samræmi við skáðun Hespers. i The Soil. of the Country between Mývatn and Akureyri, in Northern Iceland, Geologische Jahrbücher, 12 Dec. 1954.

Misgengi í löðréttu stefnu í basalti þarf ekki að koma fram á yfirborði ef það er eldra en ~~xxxxx~~ ~~xxx~~ efstu basaltlöög. Kemur þetta fram bæði á Íslandi og í Færeyskum upplýsingum Jóns Jónssonar. Slíkt misgengi gæti sést á segulmælingum ef það ylli skilum milli bergs með gagnstæða segulstefnu.

Þessari skýringu er varla hægt að beita ef misgengið hefur orðið á kvarter eins og rannsóknir Iwans benda til. Sé ég enga augljósa skýringu á því hvað þarna sé á ferðinni er samræmist öllum rannsóknum er fyrir liggja. Hér hefur verið bent á ýmsar mælingar er aukið gætu þekkingu á þessum slóðum og auðveldað túlkun fyrri mælinga. Er sennilega rétt að bíða þeirra áður en frekariskýringar verða settar fram um eðli og tilveru Bárðardalssigs.

Ljósavatnsskarð

TAFLA 1.

Lína I.

| $w \cdot 25 \text{ skref}^{-1}$ | $ g(w) \cdot 2^{\pi/17} \text{ gamma}$ |
|---------------------------------|---|
| .369 | 346.85 |
| .739 | 98.40 |
| 1.108 | 27.62 |
| 1.478 | 11.10 |
| 1.847 | 15.11 |
| 2.217 | 16.23 |
| 2.587 | 12.93 |

TAFLA 2.

Lína II.

| $w \cdot 50 \text{ skref}^{-1}$ | $ g(w) \cdot 2^{\pi/11} \text{ gamma}$ |
|---------------------------------|---|
| .571 | 619.77 |
| 1.142 | 200.80 |
| 1.713 | 75.06 |
| 2.284 | 60.68 |
| 2.855 | 38.31 |

TAFLA 3.

Lína III.

| $w \cdot 25 \text{ skref}^{-1}$ | $ g(w) \cdot 2\pi/19 \text{ gamma}$ |
|---------------------------------|--------------------------------------|
| .330 | 912.34 |
| .661 | 502.88 |
| .992 | 341.35 |
| 1.322 | 180.10 |
| 1.653 | 140.82 |
| 1.984 | 94.37 |
| 2.314 | 72.84 |
| 2.645 | 54.34 |
| 2.976 | 32.11 |

TAFLA 4.

Vegur

| $w \cdot 50 \text{ m}^{-1}$ | $ g(w) \cdot 2\pi/11 \text{ gamma}$ |
|-----------------------------|--------------------------------------|
| .571 | 457.72 |
| 1.142 | 172.84 |
| 1.713 | 83.18 |
| 2.284 | 28.98 |
| 2.855 | 16.19 |

Tafla 5.

| $w \cdot 50 \text{ m}^{-1}$ | $ g(w) \cdot 2\pi/15 \text{ gamma}$ |
|-----------------------------|--------------------------------------|
| .418 | 581.29 |
| .837 | 145.62 |
| 1.256 | 19.66 |
| 1.675 | 5.04 |
| 2.094 | 7.12 |

TAFLA 6.

| $w \cdot 195 \text{ m}^{-1}$ | $ g(w) \cdot 2\pi/59$ |
|------------------------------|------------------------|
| .106 | 380.28 |
| .212 | 209.19 |
| .319 | 39.28 |
| .425 | 37.56 |
| .532 | 111.27 |
| .638 | 107.29 |
| .745 | 85.92 |
| .851 | 68.39 |
| .958 | 31.96 |
| 1.064 | 80.01 |
| 1.171 | 107.18 |
| 1.277 | 58.79 |
| 1.384 | 50.74 |
| 1.490 | 40.10 |
| 1.597 | 15.42 |
| 1.703 | 10.18 |
| 1.810 | 15.36 |
| 1.916 | 24.79 |
| 2.023 | 13.27 |
| 2.129 | 11.08 |

TAFLA 7.

$w = 390 \text{ m}^{-1}$

$|g(w)| = 2\sqrt{11}/31 \text{ gamma}$

| | |
|-------|--------|
| .202 | 380.99 |
| .405 | 208.50 |
| .608 | 49.39 |
| .810 | 70.07 |
| 1.013 | 94.64 |
| 1.216 | 92.51 |
| 1.418 | 84.19 |
| 1.621 | 56.23 |
| 1.824 | 19.95 |
| 2.026 | 25.70 |
| 2.229 | 49.70 |
| 2.432 | 60.70 |
| 2.634 | 60.32 |
| 2.837 | 43.63 |

Vatnsdalur

TAFLA 1.

Lína I.

| $w \cdot 10 \text{ m}^{-1}$ | $ g(w) \cdot 2\pi/49 \text{ gamma}$ |
|-----------------------------|--------------------------------------|
| .128 | 1728.79 |
| .256 | 543.80 |
| .384 | 144.37 |
| .512 | 15.81 |
| .641 | 35.65 |
| .769 | 18.75 |
| .897 | 5.77 |
| 1.025 | 6.81 |
| 1.154 | 4.99 |
| 1.282 | 1.71 |
| 1.410 | 2.61 |

TAFLA 2.

Lína II.

| $w \cdot 25 \text{ m}^{-1}$ | $ g(w) \cdot 2\pi/19 \text{ gamma}$ |
|-----------------------------|--------------------------------------|
| .330 | 1166.30 |
| .661 | 201.64 |
| .992 | 24.77 |
| 1.322 | 16.33 |
| 1.653 | 4.54 |
| 1.984 | 1.69 |

TAFLA 3.

Vegarmæling


| $w \cdot 50 \text{ m}^{-1}$ | $ g(w) \cdot 2^{\frac{w}{19}} \text{ gamma}$ |
|-----------------------------|---|
| .330 | 1461.61 |
| .661 | 894.02 |
| .992 | 538.12 |
| 1.322 | 339.42 |
| 1.653 | 253.65 |
| 1.984 | 152.88 |
| 2.314 | 86.36 |

I:10000


RAFORKUMÁLASTJÓRI
Jarðhitadeild

Ljósavatnsskarð
Þyngdormælingar eftir veki


25.II.'65 H.L./'Olöf
J-Ljósavsk.J-Þyngdm.
Tnr. 2 Tnr. 2
Fnr. 7169




Lína I mæld 12.7.1965



Lína mæld 5.9.1964



Lína II mæld 12.7.1965



Lína III mæld 12.7.1965

RAFORKUMÁLASTJÓRI
Jarðhitadeild

Ljósavatnsskard

Segulmælingar eftir samsíða línum

18.II '65 S.B.S./S.L.
J-Segulm. J-Ljósav.
Tnr. 93 Tnr. 3
Fnr. 7170

RAFORKUMÁLASTJÓRI

Jarðhitadeild


Fljótsheiði

Segulmælingar eftir veki



BLAD 3

Mælt af: G.G., G.B. og J.S.A.

Mælikvarði 1:20 000



Punktar sýna mæld gildi.
 Samföld lína milli hlaupandi
 meðgilda 9 talna




30.10.'65 J.S.A./SL.
J-Segulm. J-Ljósav.sk.
Tnr. 95 Tnr. 5
Fnr. 7172

RAFORKUMÁLASTJÓRI
Jarðhitadeild

Ljósavatnsskarð, Ljósavatnsmóar
Segulmælingar eftir veki

BLAD 2

Mælt af: G.G., G.B. og J.S.A.
Mælikvaroi 1:20 000




3.II 65 J.S.A. SL
J-Segulm. J-Ljósav.sk
Tnr. 96 Tnr. I
Fnr. 7173

RAFORKUMÁLASTJÓRI
Jarðhitadeild

Ljósavatnsskarð
Segulmælingar eftir veki

BLAÐ 1

Mælt af: G.G. G.B. og J.S.A.
Mælikvarði 1:20 000



VATNSDALUR - ÚRVIINNSLA Á SEGULMÆLINGUM YFIR GANG

Inngangur

I lok júlí voru gerðar segulmælingar á veginum báðum megin í Vatnsdal. Niðurstöður eru á teikningum Fnr. 7163 - 7166. Vestan megin í dalnum milli Kornsár og Gilsstaða kom fram mjög negativ segulanomalia. Til nánari könnunar á henni voru mældar 4 línur utan vegar (sjá segullínurit af Vatnsdal, blað 4).

Frumathugun (sjá segullínurit af Vatnsdal, blað 4)

Lögun anomalíunnar á veginum vestan megin og línu I og II bendireeindregið til, að anomalian stafi af gangi, sem þá liggi yfir dalinn hjá Stóranesi rétt A við N.

Sé gert ráð fyrir löðréttum gang og nokkurn veginn jafnri segulmögnun í honum fer hornið sem gangurinn stundir frá yfirborði minnkandi með minnkandi stærð anomaliu, sjá Herland s. 396. Sé jafnframt gert ráð fyrir, að breidd gangsins sé allsstaðar nokkurn vegin hin sama, má telja líklegt að dýpið niður á ganginn fari vaxandi eftir því sem fjær dregur frá veginum.

Úrvinnsla

Til þess að mæla dýpið niður á ganginn og breidd hans voru eftirfarandi aðferðir kannaðar.

A. Túlkun á tvívíðum segulsveiflum með Fourierintegrali (sjá lýsingu á því).

Reiknuð voru fyrir vegarm. Línu I og línu II absolut gildi af $g(w)$ með programmi II. sbr. töflur 1 - 3. Notaðir voru mælipunktar á svæðinu milli F.tr. merkjanna á línuritinu. Niðurstöður eru sýndar í meðf. töflu. Nú höfum við fyrir gang þar sem við getum reiknað með að dýpi niður á neðra borð sé ~ pannig að:

$$P(w) = Ce^{-wh} \frac{\sin wb}{wb}$$

(h = dýpið á efra borð b = half breidd.) Það eru því 3 óþekktir parametrar.

Það er hins vegar aðeins í lágri tíðni sem $g(w) \approx F(w)$ og þegar um ganga er að ræða má notast við þá reglu, að þetta gildi meðan lækkunin á $g(w)$ heldur áfram að aukast. Skv. því eru í vegarm. fyrstu tvö gildin á $g(w)$ nýleg, í línu I, fyrstu 4, í línu II fyrstu 3. Þó verður að gæta þess, að við höfum fundið absolutu gildin fyrir $g(w)$ en $F(w)$ verður hins vegar negativ fyrir $\pi < w < 2\pi$. Þannig er hugsanlegt, að það séu hin negatívu gildi á $g(w_4)$ í línu I og $g(w_3)$ í línu II, sem svari nokkurn veginn til $F(w)$. Það er því aðeins í línu I, sem við höfum 3 óvífrað gildi fyrir $g(w)$, lágmarkið til þess að ákvarða hina 3 óþekktu parametra h , b og c . Við ákvörðun parametranna voru kannaðar eftirfarandi leiðir:

1) Leystar voru saman jöfnurnar

$$g(w_1) \approx Ce^{-w_1 h} \frac{\sin w_1 b}{w_1 b}$$

$$g(w_2) \approx Ce^{-w_2 h} \frac{\sin w_2 b}{w_2 b} = Ce^{-2w_1 h} \frac{\sin 2w_1 b}{2 w_1 b}$$

$$g(w_3) \approx Ce^{-w_3 h} \frac{\sin w_3 b}{w_3 b} = Ce^{-3 w_1 h} \frac{\sin 3 w_1 b}{3 w_1 b}$$

Lausnir er $\sin^2 w_1 b \approx \frac{3-k}{4-k}$ þar sem $k = \frac{3 g_1 g_3}{2 g_2}$

$$e^{w_1 h} \approx \frac{g_1}{g_2} \sqrt{1 - \sin^2 w_1 b} = \frac{g_1}{\sqrt{4 g_2^2 - 3 g_1 g_3}}$$

Ath. I. Nokkurn veginn er öruggt að $0 < w_1 b < \frac{\pi}{2}$

Ath. II. Einingin sem við fáum b og h í er lengdin milli mælip. (ofanvarpað á ás hornrétt á anomalíu).

Niðurstöður: Lína I. $h = \text{ca. } 75 \text{ m}$ $b = \text{ca. } 47 \text{ m}$
 $g(w_4)$ mundi passa saman við þessi gildi væri það 50% hærra en það er.

Lína II. (ef $g(w_3) > 0$) $h = \text{ca. } 110 \text{ m}$
 $b = \text{ca. } 56 \text{ m}$
 (ef $g(w_3) < 0$) $h = \text{ca. } 65 \text{ m}$
 $b = \text{ca. } 90 \text{ m}$
 (skv. frumathugun bendir allt til þess að fyrri niðurstaðan sé hin rétta).

Vegarmæling (ef $b = 50 \text{ m}$) $h = 50 - 55 \text{ m.}$

2) Fundið var $g(w)_{w=0}$ með extrapolation (Newton - Gregory forward interpolations formula og Lagrange formula gefa í þessu tilviki nákvæmlega sömu niðurstöðu) og síðan $g^1(w)_{w=0}$ númerískt ($D = \frac{1}{n} (\Delta - \frac{\Delta_2}{2} + \frac{\Delta_3}{3} - \frac{\Delta_4}{4} + \dots)$) þar sem $F(w)_{w=0} = C$ og $P^1(w)_{w=0} = -Ch$. Ákvarðar þetta C og h .

Nú má ákvarða $\frac{\sin wb}{wb}$ og síðan b frá $\frac{\sin x}{x}$ töflum.

Ath. Extrapolation og þó einkum diffrun eru mjög ónákvæmir númeriskir útreikningar og lokaniðurstöða því óhjákvæmlega óáreiðanleg. Hins vegar má með þessari aðferð nota eins mörg gildi á $g(w)$ og nýtileg eru (séu þau > 3).

Niðurstöður: Lína I (3 $g(w)$ -gildi notuð) $h = \text{ca. } 50 \text{ m}$
 $(4 g(w)\text{-gildi notuð, } g(w_4') > 0)$ b

$h = \text{ca. } 60 \text{ m}$

Lína II (3 $g(w)$ -gildi notuð, $g(w_3') > 0$)
 $h = \text{ca. } 55 \text{ m}$

} ekki
ákvær
að

3) Fundið var \log_{10} af $g(w)$ gildunum, síðan extrapolerað og diffrað á sama hátt og áður þar sem

$$\left(\frac{d(\log P(w))}{dw} \right)_{w=0} = (\log_{10} e) \frac{1}{P(w)} P'(w)_{w=0} = -\log_{10} e k$$

er þar með ákvarðað h .

Ath. Með því að taka logarithma verður bilið milli $g(w)$ -gildanna jafnara og það ætti að bæta nákvæmni extrapolationarinnar a.m.k. Hins vegar verða öll $g(w)$ -gildin að vera > 0 .

Niðurstöður:

Lína I (3 g(w)-gildi notuð) h = ca. 70 m
(4 g(w)-gildi notuð) h = ca. 100 m (lausl.
reiknað)

B. Aðferð Bruckshaw (sjá Geophysical Prospecting, Vol. XI.
No. 4, Dec. 63, bls. 509 - 523)

Niðurstöður:

Lína I h = 60 - 65 m 2 b = ca. 130 m
 Lína II h = 55 - 60 m 2 b = 220 - 230 m
 Vegarm. 6nothæf.

Ath. Væru þessar niðurstöður réttar sæist gangurinn undir miklu stærra horni frá yfirborði hjá línu I en II, en að svo sé verður að teljast ólíklegt (sbr. frumathugun).

C. Aðferð Smith's (The Smith Rules)

15.II.'65 S.P.S / K.B.
 J-Segulm. J-Vatnsd.
 Tnr. 89 Tnr. 2
 Fnr. 7163

RAFORKUMÁLASTJÓRI

Jarðhitadeild


Vatnsdalur

Segulmæling eftir veki

BLAÐ 1

Mælikvarði 1:20 000

Mælt 28.7.65 G.G.



Mælikvarði 1:20 000

Lína mæld utan vegar
(sjá blað 4)

Segulminimum

BLAÐ 2

RAFORKUM'ALASTJÓRI

Jarðhitadeild

Vatnsdalur

Segulmæling eftir vegi


I.IL'65 SþS/Kþ

J-Segulm. J-Vatnsd.

Tnr. 90 Tnr. 3

Fnr. 7164

Mælt 28.7.65 G.G.



Mælikvarði 1: 20000



RAFORKUM'ALASTJÓRI

Jarðhitadeild

Vatnsdalur

Segulmæling eftir veki

BLAÐ 3


17.II.'65 S.P.S / Kþ

J-Segulm. J-Vatnsd.

Tnr. 91 Tnr. 4

Fnr. 7165

Mælt 28.7.'65 G.G.



RAFORKUMÁLASTJÓRI

Jarðhitadeild

Vatnsdalur

Segulmælingar þvert yfir Anomaliu(gang)
hjá Stóranesi

BLAÐ 4

